



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 16. nóvember 2017
2017110034 BBJ

Efni: Fjarðarstræti 20, sala eigna/byggingaréttis.

Undirritaður óskar heimildar bæjarráðs til að hefja sölufjerli á fasteigninni Fjarðarstræti 20, Ísafirði, fnr. 211-9499, 211-9500, 211-9501, 211-9502, 211-9503, 211-9504 og 211-9505. Um er að ræða röð bílgeymsla í lítilli notkun, ástand eignarinnar er slæmt. Eigninni fylgir um 3.000 m² lóð.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að bílgeymslurnar verði rifnar og byggður nýr klasi á 2-5 hæðum þar sem íbúðarturnar rísa upp úr lægri byggingum sem hýsa verslun/þjónustu og bílgeymslur að norðanverðu.

Undirritaður leggur til að fasteignin verði seld með kvöðum um niðurrif og upphaf framkvæmda innan ákveðins frests. Nánari útfærsla á fresti til niðurrifs og framkvæmda er samningsatriði milli tilvonandi kaupanda og Ísafjarðarbæjar.

Virðingarfyllst,


Brynjólfur Guðnason
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Hjálagt: Greinargerð deiliskipulags.